181 fremur takið þjer fram, að yður virðist vafalaust, að jafnvel þótt prestakallið sje veitt
7. nóv. etpir faradaga 1890, þá beri hinum nýja presti tekjur þess frá nýnefndum fardögum eptir fyrirmælum 2. greinar í tilskip. 6. jan. 1847, þannig að þeir nágrannaprestar, sem þjónað hafi söknum prestakallsins frá fardögum, hljóti fyrir þann starfa sinn þóknun þá, sem um ræðir í tilsk. 3. febrúar 1836 IV. En hitt teljið þjer misskilning einberan hjá málshefjanda, að fyrirmæli 1. greinar í tilsk. 6. jan. 1847 geti átt við þegar svo stendur á, sem hjer er um að ræða, með því að nefnd lagagrein taki að eins til þess, er brauð losnar fyrir þá sök, að prestur sá, er veitingu hefur fyrir því haft, fær annað brauð, er leystur frá prestsþjónustu eða deyr, en hjer sje einungis að ræða um bráðabirgðaþjónustu nágrannapresta á óveittu prestakalli, og hafi þeir því einungis rjett til þóknunar af tekjum brauðsins fyrir þá þjónustu, sem þeir í raun og veru hafa af hendi innt, og sje þjónustu þeirra sjálfhlokið þegar er brauðið hefur verið veitt og hinn nýi prestur er til kallsins kominn.

Út af þessu skal yður hjer með þjónustusamlega tjáð til þóknanlegrar vitundar, og til þess að það megi málshefjanda kunnugt verða, að jafnvel þótt lög 22. mars þ. á. um breyting á nokkum prestaköllum í Dala- og Barðastrandarprófastsdæmum geti ekki talizt í gildi gengin fyrr en 5. ágúst þ. á., verður ráðgjafinn að vera yður, herra landshöfðingi, samdóma um það, að hlutaðeigandi stjórnarvöld hafi fulla heimild til þess að veita Hvamms-prestakall, að liðnum 5. d. ágústmán. þ. á., frá síðastliðnum fardögum að telja, þannig að tekjur prestakallsins frá nefndum fardögum hlotnist hinum nýja presti samkvæmt fyrirmælum 2. greinar í tilskipun 6. jan. 1847, þar eð lög 27. febr. 1880 hafa aldrei komizt til framkvæmda að því er Hvamms-prestakall snertir, og með því að 1. gr. í tilskip. 6. jan. 1847 ekki verður heimfærð upp á presta, sem settir eru til bráðabirgðaþjónustu, og þar sem loks nágrannaprestum þeim, er settir voru til bráðabirðga til að þjóna söknum presktakalls þess, sem hjer um að ræða, var tilkynnt þegar fyrir fardaga þ. á., að hið endurssofnaða prestakall mundi verða veitt frá umræddum fardögum.

182 **Reikningur**

fyrir styrktarsjóði Kristjáns konungs hins níunda frá 1. septembermán. 1889 til 31. ágústmán. 1890.

Tekjur	Kr. a.	Kr. a.
1. Eptirstöðvar 1. september 1889:		
a. Innritunarskírteini Ltr. A fol. 84	8600 00	
b. Í landsbankanum með sparisjóðskjörum	466 60	9066 60
2. Ársvextir af innstæðu sjóðsins:		
a. af innritunarskírteini til 11. júní 1890 á 3½ % . . .	301 00	
b. af innstæðu í landsbankanum til 31. desember 1889 . .	23 12	324 12
	Samtals:	9390 72

Gjöld:	Kr. a.	Kr. a.
1. Heiðursgjafir veittar:		
a. Guðrúnu Sigurðardóttur í Eyvík	140 00	
b. Hjálmari dbrm. Hermannssyni á Brekku	140 00	280 00
2. Eptirstöðvar 31. ágúst 1890:		
a. Innritunarskírteini Litr. A. fol. 84	8600 00	
b. Í landsbankanum með sparisjóðskjörum	510 72	9110 72
	Samtals:	9390 72

Reykjavík 1. október 1890,
Landshöfðinginn yfir Íslandi
Magnús Stephensen.

Hannes Hafstein.

EMBÆTTASKIPUN.

6. nóvember veitti landshöfðingi prestaskólakandídat *Kjartani Helgasyni* *Hvamms* prestakall í Dalaprófastsdæmi samkvæmt kosningu hlutaðeigandi safnaðar.

S. d. veitti landshöfðingi aðstoðarpresti sjera *Jóhannesi Lárusi Lynge Jóhannssyni* *Suðurdala*þinga-prestakall í Dalaprófastsdæmi samkvæmt kosningu hlutaðeigandi safnaða.